

Skólaráðsfundur 28. febrúar 2018 kl. 8.15

Mættir: Sigríður, Signý (fyrir Ástu) Ingibjörg stuðningsf. (Margréti Gróu) Erla Jóna, Sara, Jón Ragnars ásamt skólastjórum Þórönnu og Þórhildi.

1. Starfsáætlun:

Kynnt út á hvað áætlunin gengur og hvernig staðan er:

Endurskoðun persónugagna – öryggisáætlun tilbúin fyrir miðjan mars. Allar áætlanir endurskoðuðar og þær fara inn í starfsáætlun. Sambandið er að endurskoða fyrir sveitafélögin áætlun fyrir móttöku nýbúa.

2. Niðurstöður skólapúlsins:

Foreldrakönnun er í gangi, en óljóst er hvort við náum svörum sem er 80% þannig að við fáum samanburðinn. Erum komin með um 60% svörum.

Nemendakönnun 2017-2018 – farið yfir nýjustu niðurstöður þ.e. janúar. Ca 40 nemendur sem taka þátt hverju sinni. Erum aðeins fyrir neðan meðaltalið. Höfum verið að hækka í viðhorfi til stærðfræði. Áhugi til náttúrufræði er að aukast. 8. bekkur með frekar neikvætt viðhorf. Nemendur hafa ekki trú á eigin getu, né trú á eigin vinnubrögðum og sjálfálit hefur minnkað sem er öfugt við það sem verið hefur og er áhyggjuefni.

3. Fundur með foreldrum 27. febrúar:

Farið yfir glærur frá foreldrafundi frá kvöldinu áður. Nemendafjöldi, viðhaldsáætlun, stofuplan, upplýsinga og tæknistefna til næstu 5 ára, skipulag í mótuneyti, líðan nemenda, innleiðingu samskiptatækni í hegðun og samskiptum í 5-10. bekk, en stefnt er að innleiðingu niður í 1. bekk. Farið yfir líðankönnun í 1.- 10. bekk nemendur eru ósáttastir við heimavinnu 21 % og sundið 14%.

Sigríður lagði til að Skólaþing yrði skipulagt af skóla, foreldrum og nemendum. Farið yfir hvernig skipulagið á að vera. Þyrfi að fara að auglýsa og setja niður tímasetningu.

Fundi slitið 9:45.

Þórhildur Elfarsdóttir ritaði fundargerð.

Persónuvernd: